

FJÖLMIÐLANEFND

Páll Magnússon, útvarpsstjóri
Ríkisútvarpið ohf.
Efstaleiti 1
103 Reykjavík

Reykjavík 11. nóvember 2011

2012-50/12.3

Efni: Kvörtun frá umboðsmanni barna vegna myndaflokksins Lífverðirnir.

Fjölmiðlanefnd hefur borist svarbréf yðar vegna kvörtunar umboðsmanns barna yfir því að Ríkisútvarpið hafi sýnt mynd úr myndaflokksnum Lífverðirnir kl. 20:45 sunnudagskvöldið 11. september 2011, en myndin var bönnuð börnum. Í bréfi yðar kemur fram að athugasemd Umboðsmanns barna sé réttmæt, varað hafi verið við atriðum í umræddum þætti og því hefði ekki átt að sýna hann á þessum tíma. Þá er tekið fram í bréfinu að Ríkisútvarpið muni að sjálfsögðu skipuleggja dagskrá sína í samræmi við fyrirmæli laga.

Fjölmiðlanefnd telur sýningu á umræddum þætti vera brot á 28. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011, enda er ljóst að skilyrði undantekningarákvæðisins í a-lið 2. mgr. 28. gr. voru ekki fyrir hendi. Samkvæmt g-lið 1. mgr. 54. gr. leggur fjölmiðlanefnd á stjórnvaldssektir vegna brota gegn 1. og 2. mgr. 28. gr., en falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 5. mgr. 54. gr.

Eins og málið liggur fyrir mun fjölmiðlanefnd ekki beita stjórnvaldssekt í þessu tilviki. Nefndin bendir hins vegar á að komi til frekari brota gegn 28. gr. munu slíkar sektir að sjálfsögðu koma til skoðunar. Þá leggur nefndin áherslu á að tilvist umrædds ákvæðis og eftirlits með því má ekki verða til þess að Ríkisútvarpið dragi úr vernd barna með þeim hætti að þættir eða kvikmyndir sem áður voru sérstaklega merktir bannaðir börnum verði það ekki, nema fullvist sé að þeir séu við hæfi barna í skilningi 28. gr.

Virðingarfyllst,



Elfa Yr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri